

## Fundargerð stjórnar BÍS 01/2012.

miðvikudaginn 4. janúar 2012 kl. 17:30 í skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110

Reykjavík.

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Halldóra G. Hinriksdóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskráráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs og Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri

Fjarverandi:

Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs fjarverandi fram að miðjum lið 3. Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri er fjarverandi frá miðjum lið 3.

Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fyrsta reglulega fund stjórnar BÍS á nýrri öld skátastarfs á Íslandi.
2. Úlfljótsvatn: BÍS, SSR og Skógræktarfélag Íslands hafa gengið frá kaupum á jörðinni Úlfljótsvatni í Grímsnes- og Grafningshreppi af Orkuveitu Reykjavíkur og var kaupsamningur undirritaður 21. desember sl. BÍS kaupir 25% hlut, SSR 25% og SÍ 50%, þá kaupir SÍ sérstaklega bæjarhúsin og kirkjuna. SÍ lánar skátum allt kaupverðið. Umræður um lánakjör og næstu skref með nýjum eigendum. Samhljóða samþykkt að greiða upp lán frá SÍ vegna 25% hlutar BÍS í kaupum á jörðinni Úlfljótsvatni, að upphæð kr. 25.000.000,-. HS falið að ganga frá greiðslu. BB falið að ljúka drögum að samningi um gagnkvæman kauprétt á milli BÍS og SSR með formanni SSR. Jafnframt þarf að stofna hóp sem vinnur að fjármögnun á kaupunum. Skipa þarf aðila frá BÍS/SSR í stjórn jarðarinnar á móti Skógræktarfélagi Íslandi og þeir þurfa að hittast sem fyrst. ÓP gerði grein fyrir fundi sínum með oddvita sveitarfélagsins þar sem oddvitanum var gerð grein fyrir framtíðaráformum eigenda staðarins. Stefnumótunarfundur Úlfljótsvatns verður haldinn laugardaginn 21. janúar frá kl. 09 - 16.
3. Rekstraráætlun: Góðar umræður voru um áherslur stjórnar á komandi ári og var fjármunum forgangsraðað. HS falið að loka áætluninni og leggja hana fyrir á næsta fundi.
4. Önnur mál:
  - a. Uppskeruhátíð BÍS: Samþykkt var að halda uppskeruhátíð fyrir stjórn, ráð, vinnuhópa og félagsforingja BÍS, laugardaginn 28. janúar kl. 20, eftir félagsforingjafundinn.
  - b. Skeyti frá forseta Íslands: Í tilefni aldarafmæli skátastarfs á Íslandi sendi skátahöfðingi skeyti til forseta Íslands, á gamlársmorgunn, sem var morsað í gegnum ípad tölvu frá Gróttu yfir á Álftanes. Þar skrifuðu skátar niður skeytið og afhendu forseta Íslands, hr. Ólafi Ragnari Grímssyni. Skátar fengu afhent skeyti frá forsetanum og fór það sömu leið til skátahöfðingja.
  - c. Samstarfsráð um forvarnir: Erindi kom frá Samstarfsráði um forvarnir þar sem BÍS er boðið að taka þátt í nýju stækkuðu Samstarfsráði. Áætlaður stofnfundur er 12. janúar. Stjórn BÍS finnst þetta allt of skammur fyrirvari. HS falið að kanna málið betur og tala við Æskulýðsvettvanginn.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 22:05.

Fundargerð ritaði HS.